

Svar

**samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá
Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur um tengiflug
innan lands um Keflavíkurlugvöll.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Er gert ráð fyrir uppbyggingu tengiflugs innan lands við stækkun Keflavíkurlugvallar?
Ef svo er, hvenær er ráðgert að aðstaðan verði fullnægjandi?*

Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til tengiflugs innan lands við fyrsta fasa stækkunar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Hönnun þeirrar byggingar er hafin. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær framkvæmdir hefjast. Ef ákvörðun verður tekin innan tíðar er líklegt að þeim verði lokið á árunum 2022–2023.